



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Sjálfsmatsskýrsla

2023-2024

Birgir Jónsson
Aðstoðarskólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á árangri og gæðum skólastarfs í framhaldsskóla</i>	<i>4</i>
Innra mat í VA og ISO 9001 gæðakerfi	5
Endurgjöf frá nemendum og forsjáraðilum	6
<i>Áfangamat.....</i>	<i>6</i>
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2023	7
Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2024	7
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	8
Mat á vinnustofukerfi.....	11
Könnun á verknámsvali	12
Árangur og ástundun nemenda	13
Árangur.....	14
Ástundun	14
Útskrift áfanga.....	14
Kennsluáætlanir	15
Framvindumat	16
Áfangaskýrslur	16
Einkunnalistar.....	16
Gerð námsmatspátta.....	17
Samantekt	17
Kannanir meðal starfsfólks.....	17

Stofnun ársins.....	17
HR Monitor	18
Matsáætlun 2024-2025	21
Samantekt	24

Inngangur

Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað var stofnaður árið 1986. Þróun iðnskólanáms á staðnum má þó rekja aftur til ársins 1943 þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa.

Sérstaða skólans í dag, endurspeglast ekki síst í því að hann er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á starfsnám og einnig er sérstaða hans fólgin í því að vera í nánnum tengslum við atvinnulífið og hafa boðið upp á atvinnulífstengd námskeið.

Í skólanum eru alla jafna um 400 nemendur. Af þeim stunda um 120 nemendur nám í dagskóla en aðrir stunda fjarnám, dreifnám eða helgarnám. Þrátt fyrir ekki fleiri nemendur er afar fjölbreytt námsframboð við skólann en um það má lesa nánar á heimasíðu skólans, va.is, sem jafnframt er skólanámskrá.

Mat á árangri og gæðum skólastarfs í framhaldsskóla

Verkmenntaskóli Austurlands (VA) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar er kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi. Markmið með mati og eftirliti er að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla. Jafnframt að stuðla að auknum gæðum náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.).

Í lögunum er kveðið á um (41. gr.) að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Er tilgangur skýrslu þessarar að halda til haga upplýsingum um innra mat VA skólaárið 2023-2024.

Innra mat í VA og ISO 9001 gæðakerfi

Frá haustinu 2014 hefur verið unnið að innleiðingu á ISO 9001 gæðakerfi við VA. Hefur þar verið byggt á *Gæðahandbók* Verkmenntaskólans á Akureyri. Vinna við sjálfsmat skólans hefur markast af innleiðingunni frá þeim tíma og á vordögum 2021 var loks það stóra skref stigið að vottun fékkst á kerfið sem staðfesti að allir þættir kerfisins væru komnir í góða virkni. Hafa farið fram eftirlitsúttektir síðan sem hafa staðfest að kerfið er virkt og uppfyllir áfram skilyrði staðalsins.

Gæðakerfið felur í sér þá grunnhugsun að unnið sé að stöðugum umbótum í allri starfsemi skólans enda er slíkt forsenda framþróunar. Í kerfinu er starfsemi skólans lýst. Kerfið felur einnig í sér að unnið sé eftir settum vinnureglum. Er því ætlað að vísa til allra þeirra verka sem framkvæmd eru innan skólans ásamt stjórnskipulagi hans. Með ákveðinni einföldun má setja kröfur ISO 9001 staðalsins fram með eftirfarandi mynd:



Mynd 1: Líkan af vinnulagi ISO staðalsins

Gæðaráð er starfandi við skólann og hefur það unnið að innleiðingunni samhliða innra mati og þeim þáttum sem snúa að gæðakerfinu í heild. Skólaárið 2023-2024 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði:

- Birgir Jónsson – gæðastjóri
- Eydís Ásbjörnsdóttir - skólameistari
- Unnur Ása Atladóttir – áfangastjóri
- Sigurborg Hákonardóttir – fjármála- og skrifstofustjóri
- Gunnar S. Ólafsson – kennari í náttúrufræðigreinum
- Hildur Dröfn Guðmundsdóttir – kennari í rafiðngreinum

Í skýrslunni sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir þeim könnunum og úttektum sem gæðaráð skólans stóð fyrir á yfirstandandi skólaári m.a. stöðuna varðandi útskrift áfanga sem er sá þáttur gæðastjórnunarkerfisins sem snýr beint að kennslu, undirbúningi hennar og úrvinnslu og hvernig til tekst að fylgja skráðum verklagsreglum hvað þetta varðar. Loks er lögð fram matsáætlun komandi skólaárs (2024-2025).

Endurgjöf frá nemendum og forsjáraðilum

Áfangamat

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Líkt og undanfarnar annir var áfangamatið framkvæmt í gegnum Innu og var framkvæmdin í höndum gæðastjóra.

Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu ásamt því að þær voru grundvöllur starfsmannasamtala skólaársins. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats og þær loks kynntar á starfsmannafundi í annarlok.

Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 12 – 24 mánaða fresti. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu eru allir áfangar hvernar annar settir í mat.

Tvær útgáfur eru af áfangamati: áfangamat fyrir dagskóla og áfangamat fyrir fjarnám/dreifnám.

Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2023


Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 11. október og lauk 5. nóvember. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar daginn sem matið lokaði. Áfangamatið var sem fyrr segir lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi. Svarhlutfall var 74% í dagskóla og 37% í fjarnáms- og dreifnámsáföngum.

Í gæðamarkmiðum VA er gert ráð fyrir að svarhlutfall þurfi að vera yfir 70% til að matið sé marktækt. Því er ljóst að matið var marktækt þegar kemur að dagskólanum en ekki í fjar- og dreifnámi. Svarhlutfallið var yfir 70% í 53 hópum þar af var hlutfallið 100% í 16 hópum. 43% hópanna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í hóp var 61%.

Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2024

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 6. mars og lauk 22. mars. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar nokkrum dögum síðar. Áfangamatið var sem fyrr segir lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi. Svarhlutfall var 69% í dagskóla og 40% í fjarnáms- og dreifnámsáföngum.

Í gæðamarkmiðum VA er gert ráð fyrir að svarhlutfall þurfi að vera yfir 70% til að matið sé marktækt. Því er ljóst að markmiðið náðist næstum því ef horft er til dagskóla en ekki í fjar- og dreifnámi. Svarhlutfallið var yfir 70% í 41 hóp þar af var hlutfallið 100% í 8 hópum. 29% hópanna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í hóp var 58%.



Mynd 2: Svarhlutfall áfangamats í dagskóla eftir önnum.

Á Mynd 2 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati í dagskóla fyrir síðustu annir. Hlutfallið hefur haldist nokkuð stöðugt eftir önnum.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu og er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð/ánægður/ánægt með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á Mynd 3 þá náðist gæðamarkmiðið á hvorugri önninni þótt það hafi verið ívið betra á vorönn.



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats sl. tólf anna – Ánægja með kennslu




Mynd 4: Niðurstöður áfangamats sl. tólf anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Þegar að seinna markmiðinu kemur má sjá að markmiðið náðist á hvorugri önninni.


Annað gæðamarkmið tekur á því hvort nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu. Mælikvarðinn sem notaður er, er Skólapúlsinn sem er lagður fyrir árlega og nú var hann lagður fyrir á vorönn. Þar eru nýttir þættirnir Samsömun við nemendahópinn, námsáhugi og vellíðan. Niðurstöður úr mælingum fyrir vorönn 2024 fara hér á eftir þótt á myndunum standi að mælingarnar séu fyrir árið 2023.

Á Mynd 5 má sjá hvernig samsömun hefur þróast í síðustu könnunum en þess ber að geta að Skólapúlsinn var ekki lagður fyrir nema annað hvert og jafnvel þriðja hvert ár en nú er hann orðinn fastur liður á hverju ári. Markmiðið er að skólinn sé fyrir ofan meðaltal annarra skóla sem er í flestum tilvikum um 4,5.




Mynd 5: Samsömun við nemendahópinn – Skólapúlsinn 2013-2024

Ljóst er að markmiðið næst ekki þrátt fyrir að hækka á milli ára. Varðandi hinn þáttinn, námsáhuga, þá má sjá á *Mynd 6* að námsáhuginn fer niður á við og er nú fyrir neðan meðaltal annarra skóla.




Mynd 6: Námsáhugi – Skólapúlsinn 2014-2024


Þriðji þátturinn sem er skoðaður en vellíðan. Eins og sjá má á *Mynd 7* hefur það farið aftur upp á við og nær markmiðinu.

**Mynd 7: Vellíðan – Skólapúlsinn 2013-2024*****Mat á vinnustofukerfi***

Í lok haustannar 2020 var tekin sú ákvörðun að prófa að taka upp svokallað vinnustofukerfi í skólanum. Þá voru 25% af kennslustundum í hefðbundnum kennslustundum eða svokölluðum áfangatímum og 75% í svokölluðum vinnustofum. Var sú ákvörðun tekin til þess að skólinn yrði betur í stakk búinn að mæta skyndilegum breytingum á sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19. Með því að taka upp vinnustofukerfi myndi tvennt ávinnast, annars vegar að nemendur gætu stundað nám sitt í skólanum að mestu þótt reglur yrðu hertar og hins vegar að fækka árekstrum í stundatöflum. Var kerfið mótað í samráði við kennara og nemendur og hófst vinna í því í upphafi vorannar 2021. Síðustu annir hafa vankantar verið sniðnir að kerfinu, breytt og bætt og breytingarnar síðan metnar á hverri önn. Á myndum 8 og 9 má sjá niðurstöðuna úr matinu á skólaárinu. Eins og sjá má er töluverð ánægja með kerfið hjá nemendum en ekki eins mikil hjá kennurum. Var það tekið fyrir á kennarafundum skólaársins og ákveðið var að nýta niðurstöðurnar til mótunar á kerfinu fyrir næsta skólaár. Kerfið verður í grunninn það sama en ýmislegt utanumhald verður bætt samfara athugasemdum kennara.



Mynd 8: Hvernig finnst þér nýja vinnustofukerfið nýttast. Nemendur – Kennarar haustönn 2023




Mynd 9: Hvernig finnst þér nýja vinnustofukerfið nýttast. Nemendur – vorönn 2024.


Könnun á verknámsvali

Á haustönn 2021 var ráðist í verkefnið *Verklegt val* þar sem nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar völdu sér verkgreinar í VA. Völdu nemendur tvær greinar sem þeir vildu helst og fengu allir nemendur þær greinar sem þeir vildu. Nemendur komu síðan í skólann á fimmtudögum yfir átta vikna tímabil. Á hverjum fimmtudegi sóttu þeir tvær kennslustundir í hvorri grein. Þegar 10. bekkur hafði lokið við sínar átta vikur tóku nemendur í 9. bekk við en ekki náðist að klára það að fullu vegna stöðu Covid-19 í sveitarfélaginu. Aftur

var farið í verkefnið með sama sniði á haustönn 2022 eftir að stuðningur fékkst frá Mennta- og Barnamálaráðuneytinu í formi viljayfirlýsingar. Áfram var haldið á haustönn 2023 og þegar hóparnir höfðu lokið sinni veru var send könnun á nemendur í báðum bekkjum þar sem spurt var út í verkefnið. Ein spurninganna var hvort nemendur væru ánægðir með verknámsvalið. Þar voru 87,3% svarenda úr 10. bekk ánægðir eða mjög ánægðir með verknámsvalið og 78,8% svarenda úr 9. bekk.



Mynd 10. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 10. bekkur – haustönn 2023



Mynd 11. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 9. bekkur – haustönn 2023

Árangur og ástundun nemenda

Eins og fyrr hefur komið fram er búið að skilgreina gæðamarkmið og mælikvarða. Í kjölfarið á þeirri vinnu komu mælingar á ástundun og árangri nemenda inn í sjálfsmatsskýrslur skólans, en þessir mælikvarðar komu fyrst inn í sjálfsmatsskýrslu 2017 – 2018.

Árangur

Hvað árangur nemenda varðar er gæðamarkmiðið skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Að nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.

Mælikvarðarnir felast í meðaleinkunn nemenda og hlutfalli falla (einkunn undir 5,0) í öllum áföngum. Hvað meðaleinkunn varðar er markmiðið ≥ 6 og gagnvart falli $\leq 17\%$.

Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2023-2024 var 6,62. Nokkur munur mældist á milli anna en meðaleinkunn á haustönn var 6,34 en á vorönn 6,89. Niðurstaða skólaársins nær því gæðamarkmiði skólans. Á skólaárinu 2023-2024 var fallprósenta 19,3% sem er aðeins fyrir ofan markmiðið. Á haustönn var hlutfallið 23,4% en á vorönn 15,2%. Enn hefur smæð skólans þau áhrif að talsverðar sveiflur eru í niðurstöðum mælinga og því er mikilvægt að horfa á niðurstöður til lengri tíma þegar metið er hvort gæðamarkmiðið hafi náðst.

Ástundun

Hvað ástundun varðar er gæðamarkmiðið skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Að bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.

Mælikvarðarnir felast í mætingarhlutfalli og brottfallshlutfalli. Hvað mætingarhlutfall varðar er markmiðið 90% en fyrir brottfall $\leq 3\%$. Brottfallstalan er reiknuð sem hlutfall þeirra nemenda sem segja sig formlega frá námi í hlutfalli við heildarnemendafjölda skólans. Brottfall samkvæmt þeirri aðferð var 0,92% á skólaárinu en misjafnt á milli anna, 1,6% á haustönn og 0,23% á vorönn. Skólaárið 2023-2024 var mætingarhlutfall 87,7% og mjög svipað á milli anna (H23 = 89,1% og V24 = 86,3%).

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin

undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.

2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.

3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.

4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað. Annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni og svo hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til.

Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á haustönn 2023 var hlutfall útskrifaðra áfanga 96% og á vorönn 2024 var hlutfallið 76%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Áður var það svo að þeim var skilað til áfangastjóra en með breyttu skipulagi er þeim nú skilað til gæðastjóra, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af kennara og gæðastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til gæðastjóra skólaárið 2023-2024:

- Haustönn 2023 – 100%
- Vorönn 2024 – 100%

Framvindumat

Framvindumat er framkvæmt einu sinni á hvorri önn. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra. Niðurstöður framvindumats voru síðan teknar fyrir á fundi gæðaráðs 2. nóvember fyrir haustönn og 12. mars fyrir vorönn og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Allir áfangar sem kenndir voru fóru í gegnum framvindumat með þeirri undantekningu að áfangar sem kenndir voru hluta úr önn fóru ekki í framvindumat heldur voru þeir metnir sérstaklega.

Áfangaskýrslur

Í lok hverrar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Skil á áfangaskýrslum á skólaárinu 2023-2024 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2023 – 96%
- Vorönn 2024 – 96%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalistum á skólaárinu 2023-2024 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2023 – 96%
- Vorönn 2024 – 96%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanga, lokaverkefnisáfanga eða símatsáfanga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanga er að ræða. Áfangastjóri og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta á skólaárinu 2023-2024 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2023 – 99%
- Vorönn 2024 – 76%

Samantekt


Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga mjög vel. Kennarar eru búnir að setja sig vel inn í það og virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar upplýsingar um gæði og gang náms og kennslu. Þó þarf að tryggja að kennarar sem fengnir eru í stundakennslu undirgangist kröfur kerfisins.

Kannanir meðal starfsfólks

Stofnun ársins

Stofnun ársins er könnun sem lögð er fyrir á ári hverju meðal starfsfólks skólans. Tveir mælikvarðar í gæðamarkmiðunum er mældir með þeirri könnun. Annars vegar er það markmiðið að starfsfólk sé ánægt í starfi sínu í VA og hins vegar að skapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði. Mælikvarðinn er að niðurstöður VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni. Þar eru nýttir tveir þættir, annars vegar *Vinnuskilyrði* og hins vegar *Ánægja og stolt*.

Á *Mynd 12* má sjá hvernig mælingin kemur út varðandi báða mælikvarðana.



Mynd 12: Stofnun ársins 2023.

Ljóst er að markmiðið næst þegar horft er til beggja þátta. Þegar kemur að vinnuskilyrðum er einkunnin 4,48 eða 0,39 yfir meðaltali framhalds- og háskóla. Í ánægju og stolti er niðurstaðan 4,69 sem er 0,23 yfir meðaltalinu.

HR Monitor


Síðustu misseri hefur skólinn notast við mælingar í gegnum HR Monitor. Hugmyndin var að fá rauntímamælingar á ánægju og upplifun starfsfólks sem myndi nýtast til þess að hægt væri að grípa inn í strax ef eitthvað mætti betur fara. Undir hverjum þætti er ein spurning sem er aldrei eins en tengist þættinum. Á *Mynd 13* má sjá heildarniðurstöður skólans og sundurliðað eftir þáttum. Niðurstöðurnar eru alltaf teknar fyrir í gæðaráði og á fundum starfsfólks ef þurfa þykir.

Nafn	2023								2024			
	jan	feb	mar	apr	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	maí
Árangur	4,34	4,37	4,13	4,04	4,24	4,26	3,99	4,26	4,43	4,22	4,20	4,27
Gæði & tengsl	4,42	4,45	4,36	4,22	4,47	4,30	4,55	4,33	4,88	4,35	4,04	4,45
Starfsánægja	4,25	4,55	3,17	4,17	4,37	4,35	2,57	4,20	4,54	4,40	4,50	4,35
Sjálfstæði til ákvarðanatöku	4,13	4,15	4,20	4,00	4,26	4,10	4,00	4,81	4,29	4,10	4,79	3,95
Stuðningur frá stjórnendum	4,54	4,40	4,52	4,05	4,16	4,35	4,64	4,00	4,17	4,25	3,96	4,55
Kröfur um árangur	4,26	4,65	4,17	4,74	4,11	4,25	3,86	4,20	4,08	4,20	4,04	3,70
Skýr framtíðarsýn	4,14	4,05	4,16	3,41	4,11	4,40	4,32	4,24	4,48	4,15	4,13	4,15
Ahugi, virðing & hollusta	4,42	4,30	4,56	3,87	4,58	4,35	4,05	4,67	4,79	4,15	4,08	4,65
Þjálfun & þróun	4,58	4,42	3,92	3,86	3,83	3,95	3,95	3,62	4,17	4,15	4,04	4,35
Þemasurning	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Fjöldi	24	20	25	23	19	20	22	21	24	20	24	20
Verkenntaskóli Austurlands	4,34	4,37	4,13	4,04	4,24	4,26	3,99	4,26	4,43	4,22	4,20	4,27


Mynd 13: HR Monitor 2023-2024.

Könnun meðal fyrrum nemenda VA


Á vorönn 2024 var lögð fyrir könnun meðal fyrrum nemenda VA sem útskrifuðust á árunum 2014 – 2017 og var könnunin send á 149 nemendur. Í spurningakönnuninni var spurt um upplifun nemenda af skólanum og kannað var hvort nemendur höfðu nýtt sér nemendapjónustuna á skólagöngu sinni, en hún samanstendur af námsráðgjafa, áfangastjóra og skólahjúkrunarfræðingi. Jafnframt voru nemendurnir beðnir að leggja mat á hversu líklegt væri að þau myndu mæla með VA sem framhaldsskóla fyrir einstakling sem væri að ljúka sinni grunnskólagöngu og hvort námið í VA hafi veitt þeim góðan undirbúning fyrir frekari nám og störf en 72% nemenda fóru í frekara framhaldsnám eftir útskrift úr VA og þar af fóru 71,4% nemenda í áframhaldandi nám á háskólastigi, 4,8% í frekara iðnnám og 23.8% nemenda leituðu annað. Þess má geta að einungis 32% þátttakenda höfðu ákveðið hvað þau ætluðu að gera að lokinni útskrift úr VA þegar þau sóttu um framhaldsskóla en 48% nemenda höfðu ekki tekið neina ákvörðun.



Mynd 14: Hver var upplifun þín af því að vera nemandi við VA? - Fyrrum nemendur VA



Mynd 15: Á skólagöngu þinni í VA nýttir þú þér nemendabjónustuna? (skólahjúkrunarfræðing, áfangastjóra og/eða náms- og starfsráðgjafa)? - Fyrrum nemendur VA



Mynd 16: Námið í VA veitti mér góðan undirbúning fyrir nám og störf

Matsáætlun 2024-2025

Hér má sjá matsáætlun VA fyrir skólaárið 2024-2025. Ákveðnir þættir eru fast settir og eru þeir hluti af sjálfsmati skólans ár hvert. Aðrir þættir geta komið tilfallandi inn, s.s. ýmsar þjónustukannanir. Um flesta þættina gilda ákveðnar verklagsreglur og gátlistar sem vísað er í hér fyrir neðan. Matsáætlunin sjálf er unnin samkvæmt VKL-106 og GÁT-028.


Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður														Ábyrgð
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7			
1	Áfangamat Könnun meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum og út frá ákveðnum kennurum.	VKL-402, VKL-301			X					X					Gæðastjóri		
2	Rýnihópur nemenda Rýnihópur nemenda verður settur saman þar sem rýnt verður enn frekar í nám, kennslu, samstarf, skólabrag o.s.frv.					X					X				Gæðastjóri		

3	Starfsmannasamtöl Skólameistari á formlegt samtal við starfsmann á hverju ári. Í samtalinu eru greindir þættir sem kennaranum finnst ganga vel með og hins vegar þeir þættir sem kennarinn vill bæta sig í. Rætt er um starfsþróun og markmiðssetning sett fram til framtíðar. Niðurstöður úr áfangamati eru ræddar.	VKL-206, LSM-003, LSM-004, GÁT-010, GÁT-011			X	X	X			X	X	X	X				Skólameistari
4	Þjónustukönnun Skrifstofa, mötuneyti o.fl.													X			Gæðaráð Skólameistari
5	Starfsmannakönnun Könnun meðal starfsmanna VA um starfsaðstöðu, stjórnendur, samstarf, vellíðan á vinnustað og fl. Framkvæmt með þátttöku í Stofnun ársins (svarhlutfall þarf að vera að lágmarki 35% til að stofnun nái inn á listann stofnun ársins) og með starfsánægjumælingum HR Monitor sem lagðar eru fyrir í hverjum mánuði meðan kennsla varir.		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X				Gæðaráð Skólameistari
6	Framkvæmd kennslu Sjálfsmat kennara á framkvæmd kennslu: a) á miðri önn – framvindumat. b) í lok annar – áfangaskýrsla kennara.	VKL-106, GÁT-020 GÁT-013			X		X			X		X					Allir kennarar Gæðastjóri Aðstoðarskólameistari
7	Árangur og ástundun nemenda Í annarlok er ástundun og árangur nemenda skoðaður út frá mætingarhlutfalli, brottfalli, meðaleinkunn og fallhlutfalli.	STS-007					X						X				Gæðastjóri
8	Rýni á kennsluáætlunum Allar kennsluáætlanir eru rýndar út frá markmiðum viðkomandi áfanga, vinnuskipulagi, auðlindum, aðbúnaði og námsmati.	GÁT-045	X						X								Allir kennarar Gæðastjóri
9	Mat á námsþáttum Allir námsþættir skólans skulu rýndir. Öll próf skólans rýnd áður en þau eru lögð fyrir út frá samræmdu útliti, fjölbreytileika í prófa- og spurningagerð.	VKL-306, VKL-307, GÁT-037	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X				Allir kennarar Aðstoðarskólameistari Gæðastjóri

10	Vikulegir fundir gæðaráðs Gæðamál eru fastur liður á dagskrá á vikulegum fundum gæðaráðs þar sem farið er yfir frávik, breytingar, niðurstöður úttekta, þörf fyrir frekari úttektir, forvarnir og annað sem til fellur.	VKL-102, GÁT- 040,		x	x	x	x	x	x	x	x	x			Gæðastjóri Gæðaráð
11	Innri úttektir Innri úttektir gæðakerfis skólans. Allar verklagsreglur kerfisins eru teknar út árlega.	VKL-403, GÁT-005, GÁT-006, GÁT-007	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		Innri úttektaraðilar Gæðastjóri Gæðaráð
12	Rýni stjórnenda Rýni stjórnenda er hluti af gæðakerfi skólans. Þar fara stjórnendur yfir niðurstöður af mati hvers skólaárs. Afraksturinn fer í tímasettan aðgerðarlista sem er aðgengilegur í skýrslum Rýni stjórnenda á heimasíðu skólans.	VKL-401, GÁT-001, GÁT-002											x		Gæðastjóri Skólameistari Aðstoðarskólameistari Fjármála- og skrifstofustjóri
13	Ferðavenjukönnun Könnun sem er lögð fyrir nemendur og starfsfólk þar sem ferðavenjur eru kannaðar. Könnunin er hluti af <i>Grænum skrefum</i> .			x											Gæðastjóri
14	Verklegt val Könnun gerð á viðhorfum nemenda og forsjáraðila til verkefnisins verklegt val sem er í samstarfi við grunnskólana.				x		x								Gæðastjóri
15	Könnun fyrir forsjáraðila Könnun til að kanna viðhorf forsjáraðila nemenda til skólans.									x					Gæðastjóri

Samantekt

Á þessari skýrslu má sjá að skólinn hefur haldið áfram vinnu innan vottaðs gæðakerfis sem hefur skapað afar góðan ramma í kringum skólastarfið. Vottunin var staðfesting á því mikla starfi sem hefur farið fram undanfarin ár. Þrátt fyrir breytingar innan stjórnendateymis og ýmsar utanaðkomandi aðstæður hefur tekist að halda áfram á sömu braut við að þróa og bæta kerfið. Mun sú vinna halda áfram jafnt og þétt enda miðar kerfið að sífelldum umbótum.



Birgir Jónsson

aðstoðarskólameistari